



494. fundur stjórnar SASS haldinn að Ásgarði í Vestmannaeyjum föstudaginn 8. maí 2015 kl. 11.00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Níelsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Páll Marvin Jónsson, Elín Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Sæmundur Helgason, Lilja Einarsdóttir varamaður Ágústs Sigurðssonar en hann og Sandra Dís Hafþórsdóttir boðuðu forföll. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Loks komu á fundinn undir lið 6. f) Elliði Vignisson, bæjarstjóri og bæjarfulltrúarnir Hildur Sólveig Sigurðardóttir, Jóhanna Ýr Jónsdóttir og Stefán Óskar Jónsson.

Formaður setti fundinn kl. 11:00 og bauð fundarmenn velkomna á fundinn og til Vestmanneyja. Páll Marvin tók undir orð formannsins og ítrekaði nauðsyn þess að stjórnarfundir yrðu haldnir sem víðast á Suðurlandi.

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar undirrituð.**
Undirrituð og jafnframt var fundargerð 491. fundar samþykkt.
- Drög að ársreikningi SASS 2014.**
Lagður fram og kynntur af framkvæmdastjóra.
Samþykkt að vísa umræðu um ársreikningana til annarra umræðu á næsta fundi stjórnar. Framkvæmdastjóra er falið að leita tilboða í endurskoðunarþjónustu.
- Sóknaráætlun 2015 – 2019 – Áhersluverkefni.**
Fyrir liggur erindi frá Fræðslunetinu og Háskólafélaginu á Suðurlandi. Stjórnin tók undir mikilvægi menntunar, þ.m.t. uppbyggingu símenntunar á miðsvæðinu. Verkefnastjórn er þessa dagana að fara yfir málin. Ákveðið var að vísa erindinu til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn Sóknaráætlunarinnar.

Stjórn SASS tekur undir orð samráðshóps menntunar og atvinnulífs um mikilvægi öflugssamstarfs atvinnulífs og menntunar á Suðurlandi. Stjórnin hefur lagt áherslu á þennan málaflokk og mun gera það áfram. Ákveðið var að beina þessu til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn Sóknaráætlunarinnar.
Framkvæmdarstjóra falið að kynna niðurstöðuna.
- Skipulagsráðstefna á Suðurlandi – Samantekt Alta um umræðurnar á ráðstefnunni á Hellu í lok mars – Framhald málsins.**
Á grunni framkominna gagna er lagt til að eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar 2015 – 2019 verði á þessu sviði. Lagt er til að hvert sveitarfélag skipi tvo kjörna fulltrúa í vinnuhóp sem fari nánar yfir málið á fundi í júní nk. og var það samþykkt.
Framkvæmdarstjóra falið að kalla eftir tilnefningum og koma með tillögu til stjórnar um ráðgjafa sem gætu komið að þessu verkefni.



5. **Skipan fulltrúa SASS í Vinnumarkaðsráð Suðurlands 2015-2019.**
Ákveðið var að skipa eftirtalda aðila í ráðið: Björn Inga Jónsson og Ástu Stefánsdóttur.

6. **Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.**
 - a) **Þróun almenningsamgangna á Suðurlandi.**
Framkvæmdarstjóri kynnti hver þróunin hefði verið á síðustu árum. Óskað er eftir nánari greiningu fyrir næsta stjórnarfund.

 - b) **Leigumál Fræðslunetsins og Háskólafélagsins á Suðurlandi.**
Framkvæmdarstjóri lagði fram minnisblað frá fyrirsvarsmönnum Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands. Leigumáli sveitarfélagsins Hornafjarðar vísað til samningsaðila.

 - c) **Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi.**
Formaður og Unnur kynntu málið.

 - d) **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting og flokkar veitingastaða), 704. mál.**
Lagt fram til kynningar.

 - e) **Erindi Strætó – akstur til Hafnar í maí.**
Framkvæmdastjóra falið að ræða nánar við Strætó.

 - f) **Heimsókn bæjarfulltrúa Vestmannaeyja.**
Bæjarstjóri var með fróðlega kynningu á málefnum bæjarbúa og Vestmannaeyjabæjar. Hann og bæjarfulltrúarnir svöruðu framkomnum spurningum og lögðu einnig spurningar fyrir stjórn og var þeim svarað á fundinum.

Fundi slitið kl. 15:52

Gunnar Þorgeirsson
Anna Björg Níelsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Páll Marvin Jónsson
Lilja Einarsdóttir
Bjarni Guðmundsson